

Fimleikasamband Íslands

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

11. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 17. 1. 2017 kl. 19:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Sunna Sigurðardóttir, Kristinn Arason, Þór Ólafsson, Sólveig Jónsdóttir, Anton Heiðar Þórólfsson og Sæunn Viggósdóttir.

Forföll tilkynnti:

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

Breyting á dagskrá, byrjað á erindi 3

1. Beiðni frá TK vegna C dómaranámskeiða FIG

TK óskar eftir því að FSÍ greiði leið nýrra dómara í alþjóðleg dómaranámskeið í maí

FSÍ samþykkir að greiða leið nýrra dómara á alþjóðleg dómaranámskeið, afla upplýsinga og halda utan um umsýslu. FSÍ mun ekki skuldbinda sig fjárhagslega, fjármagn sem ætlað var í dómaranámskeið 2016 og 2017 í fjárhagsáætlun er búið.

2. Bréf frá FIG vegna WGfLC – Val FIG á Hlíf Þorgeirsdóttur sem dómara á hátíðinni

Hlíf Þorgeirsdóttir var valin af FIG til þess að vera dómari á World Gym for Life Challenge.

Það er heiður að að Hlíf var valin í þetta verkefni og FSÍ fagnar því.

3. Bréf frá FFA – Colloquium hjá FIG

FFA óskar eftir að senda fulltrúa á Colloquium hjá FIG

Erindi samþykkt.

4. Siðareglur FSÍ – drög

Uppkast að siðareglum kynnt

Skjalið var tekið til umræðu á fundinum og fundarmenn sammála um að það sé á réttri leið og að halda skuli áfram að vinna með það.

5. Afrekssjóður ÍSÍ – staða mála

Farið var yfir undanfarnar vikur og samskipti FSÍ við ÍSÍ.

6. RIG – staða mála, Jane Allen heldur fyrirlestur

Jane Allen, framkvæmdastjóri breska fimleikasambandsins, kemur á RIG og heldur erindi. Um er að ræða mjög reynslumikla konu úr fimleikahreyfingunni í Bretlandi og vonast stjórn FSÍ til þess að sem flestir mæti.

Engjavegur 6, 104 Reykjavík, Iceland

Sími/Tel: + 354-514-4060,

fsi@fimleikasamband.is , www.fimleikasamband.is



Fundi slitið kl. 20:00

12. fundur stjórnar verður haldinn þann 31. janúar kl. 19:00

Engjavegur 6, 104 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: + 354-514-4060,
fsi@fimleikasamband.is , www.fimleikasamband.is